

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 156/2017

2019/EES/52/07

frá 22. september 2017

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/771 frá 3. maí 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 152/2009 að því er varðar aðferðir til að ákvarða innihald díoxína og fjöklóraðra bifenylna ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við í lið 31o (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32017 R 0771**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/771 frá 3. maí 2017 (Stjttð. ESB L 115, 4.5.2017, bls. 22).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/771, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 115, 4.5.2017, bls. 22.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.